

Glerárdalur – fólkvangur

Greinargerð starfshóps, 5. desember 2013



Ákvörðun um fólkvang

Opinn hátíðarfundur bæjarstjórnar Akureyrar var haldinn í Hofi á 150 ára afmælisdegi Akureyrar, 29. ágúst 2012. Á fundinum var samþykkt tillaga um að Glerárdalur verði gerður að fólkvangi með eftirfarandi bókun:

Bæjarstjórn samþykkir með 11 samhljóða atkvæðum að stefnt skuli að því að hluti Glerárdals verði skilgreindur sem fólkvangur í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999, gr. 55.

Bæjarstjórn samþykkir einnig með 11 samhljóða atkvæðum að gerð verði tillaga til Umhverfisstofnunar um mörk og nýtingarmöguleika fólkvangsins og gerð grein fyrir þeim takmörkunum sem ákvörðun um fólkvang kann að setja Akureyrarbæ sem rétthafa landsvæðisins.

Starfshópur

Skipaður var starfshópur vegna vinnu við stofnun fólkvangs á Glerárdal og var starfshópurinn skipaður eftirtöldum aðilum:

Hulda Stefánsdóttir, Petrea Ósk Sigurðardóttir, Jón Ingi Cæsarsson, Sigurður Guðmundsson og Helgi Snæbjarnarson.

Starfsmenn starfshópsins voru Jón Birgir Gunnlaugsson forstöðumaður umhverfismála Akureyrarbæjar og Pétur Bolli Jóhannesson Skipulagsstjóri Akureyrarbæjar.

Ráðgjafi hópsins var Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur hjá Landslagi ehf.

Hópurinn hélt 11 fundi um málefni fólkvangs á Glerárdal, þann fyrsta 11. september 2012 og lauk hópurinn störfum á síðasta fundi sínum þann 19. nóvember 2013.

Fólkvangur

Lög um náttúruvernd, 55. gr. Stofnun fólkvangs:

Umhverfissráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og áliti Umhverfisstofnunar, lýst tiltekið landsvæði, sem ætlað er til útvistar og almenningsnota, fólkvang.

Vilji eitt sveitarfélag eða fleiri að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur skal það eða þau gera tillögu um slíkt til Umhverfisstofnunar þar sem m.a. skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunni að setja umráðarétti eigenda eða rétthafa viðkomandi landsvæðis.

Afmörkun

Tillaga að afmörkun fólkvangsins Glerárdals er eftir fjallstindum dalsins til austurs, suðurs og vesturs eða eftir sveitarfélagsmörkum Akureyrar. Til austurs og suðurs liggja sveitarfélagsmörkin að Eyjafjarðarsveit en til vesturs liggja sveitarfélagsmörkin að Hörgársveit. Afmörkun fólkvangsins til norðurs, austan Glerár, eru frá sveitarfélagsmörkum í afréttargirðingu neðan Súlumýra og liggja mörkin svo eftir afmörkuðu svæði á náttúruminjaskrá um Glerárgil (frá Hlíðarbraut að ármótum Glerár og Hlífár). Gerð er tillaga um nákvæmari afmörkun svæðis á náttúruminjaskrá (Glerárgil). Tillaga af breyttum mörkun Glerárgil liggur með brún gilsins og er í samræmi við lýsingu á svæðinu í náttúruminjaskrá.

Vestan Glerár liggja mörkin áfram upp dalinn með brún Glerárgils að Heimara-Ilлагili. Þar liggja mörkin innan við fyrirhugað lón vantaflsvirkjunar og þaðan upp Heimara-Ilлагil og þaðan eftir mörkum fjarsvæðis vatnsverndar Glerárdalsbóls.

Stærð fyrirhugaðs Glerárdalsfólkvangs er 74,40 km², en þar af er núverandi svæði á náttúruminjaskrá, Glerárgil, 104 ha (1,04 km²).

Svæði á náttúruminjaskrá

Glerárgil. Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.

Glerárdalur - fólkvangur

Niðurstöður starfshóps

- Glerárdalur verði lýstur fólkvangur og að strax verði hafist handa við deiliskipulag afmarkaðra svæða innan hans. Skipulagið miðist við að nýting svæðisins verði sjálfbær, þannig að hún takmarki ekki möguleika komandi kynslóða á að nýta svæðið eins og nú er hægt að gera.
- Vegur verður lagður frá núverandi vegi að Fálkafelli í átt að Súlumýrum, á sama stað og vegslóði er fyrir. Vegurinn mun fara út frá núverandi vegi um 100 m norðan Fálkafells og liggja nægilega fjarri skálanum til að ekki sé þar truflun af umferð um hann. Vegurinn verður um 600 m að lengd og mun liggja að þeim stað þar sem skálinn Skíðastaðir var áður, en á þeim slóðum mun vera útbúið bílastæði. Vegurinn og bílastæðið mun nýtist fyrir torfærubíla og vélsleða til að komast á snjó. Þessi framkvæmd mun takmarka umferð bifreiða og annarra farartækja að svæðinu umhverfis Fálkafell og minnka þannig átroðning á svæðinu.
- Að svæðinu verði tveir “inngangar” eða áningastaðir sem eru m.a. góðir upphafsstaðir fyrir gönguferðir. Annar áningarstaðurinn er austan Glerár, á milli Fremri-Hlífár og Heimari-Hlífár og hinn áningarstaðurinn vestan Glerár, á Torfnasporði sem er á milli Glerár og Torfnalækjar.
Við “inngangana” verði upplýsingaskilti og möguleikar á að koma á framfæri takmörkunum á umferð þegar nauðsyn ber til.
Mikilvægt er að þótt áningarstaðir verði útbúnir með einhverjum lágmarks mannvirkjum verði notkun vinnuvéla eða annarra tækjabúnaður sem markar slóðir á svæðinu haldið í lágmarki.
- Göngustígar (stikaðar gönguleiðir) verði skilgreindir á svæðinu. Kappkostað verði að útbúa brýr, hleðslur og annað sem dregur úr skemmdum vegna umferðar gangandi fólks.
- Öll umferð ökutækja er óheimil á því svæði sem er óraskað nema á snjó og þegar snjór er svo mikill að hann ber farartækið uppi. Þetta gildi um öll vélknúin farartæki, vélsleða, bifhjól, fjórhjól, bifreiðar og önnur tæki (björgunartæki eru undanþeginn).
Umsjónaraðilar hafi möguleika á að loka svæðinu fyrir umferð farartækja á ákveðnum tímapunkti eftir snjóalögum og opna það þegar aðstæður leyfa.
- Öll umferð ökutækja er óheimil utan vega og vegslóða (björgunartæki eru undanþeginn).
- Búfjárbætt verði í hófi. Um 200 fjár voru á dalnum sumarið 2012 og æskilegt er að fé fjölgi ekki umfram það.
- Umferð fótgangandi verði sjálfsögð allt árið með þeim umgengnisreglum sem náttúruverndarlög gera ráð fyrir.
- Meðferð skotvopna er bönnuð innan fólkvangsins. Umsjónaraðili fólkvangsins getur þó veitt heimild til veiða á ref, mink og kanínum.

- Ferðir á hestum um fólkvanginn eru aðeins leyfðar á stikuðum leiðum sem eru sérstaklega merktar sem reiðleiðir. Ekki er heimilt að fara með rekstur hesta um fólkvanginn. Heimilt er að nota hross við smölun.
- Atvinnustarfsemi hafi ekki aðstöðu á svæðinu en hugsanlegt er að einhver fyrirtæki, t.d. ferðaþjónusta, nýti svæðið sem útivistarsvæði. Ferðaþjónusta sem nýtir svæðið án þess að raska því fer vel saman við markmið um nýtingu svæðisins.
- Gistiskálinn Lambi verður áfram þar sem hann er en til stendur að endurnýja hann á næstunni. Endurnýjun er heimil með þeim takmörkunum sem gilda um umferð og framkvæmdir á svæðinu í heild.
- Almenn útivist af ýmsu tagi og önnur starfsemi feli í sér að svæðið verði jafngott til þeirrar starfsemi til langs tíma.
- Skipulag þeirra svæða sem liggja að fólkvangnum verði vandað og heildstætt. Landnotkun verði með þeim hætti að sem minnst hætta sé á árekstrum þeirra sem nýta svæðið allt.
- Samráð verði við þá aðila sem nýta svæðið í nágrenni Glerárdals, s.s. Skotfélagið, Hestamannafélagið og akstursíþróttafélög og gengið tryggilega frá því að ekki verði um árekstra að ræða vegna skipulags svæðanna, hættu fyrir umferð, hávaða eða annað sem veldur truflun.
- Umhverfisnefnd Akureyrar hafi umsjón með fólkvangnum.
- Nýjar háspennulínur verði ekki heimilar nema í jörð innan fólkvangsins.

Glerárdalur - fólkvangur

Tillaga Akureyrarbæjar og UST að auglýsingu um fólkvang í Glerárdal

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfisráðherra hefur ákveðið að tillögu bæjarstjórnar Akureyrarbæjar og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að friðlýsa hluta Glerárdals sem fólkvang í samræmi við 55. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Glerárdalur er mótaður af jöklum og einkennist berggrunnurinn af 10 milljón ára gömlum basalhraunlögum. Nálægð við forna megineldstöð veldur því að berggerðir eru fjölbreyttar á svæðinu auk þess sem steingerðar plöntuleifar, surtarbrandur og kísilrunninn trjáviður finnast á svæðinu. Gróðurfur í Glerárdal er frekar fjölbreytt, bæði hvað varðar tegundir og gróðurlendi, en mólendi og votlendi setja svip sinn á dalinn.

Stærð fólkvangsins er 74,40 km².

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda svæðið til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Með friðlýsingunni eru auk þess verndað land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari, og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni.

3. gr.

Mörk fólkvangsins

Mörk fólkvangsins er eftir fjallstindum dalsins til austurs, suðurs og vesturs eða eftir sveitarfélagsmörkum Akureyrar. Til austurs og suðurs liggja sveitarfélagsmörkin að Eyjafjarðarsveit en til vesturs liggja sveitarfélagsmörkin að Hörgársveit. Afmörkun fólkvangsins til norðurs, austan Glerár, eru frá sveitarfélagsmörkum í afréttargirðingu neðan Súlumýra og liggja mörkin með afréttargirðingu að Glerárgili. Mökin liggja svo með brún Glerárgils niður að Réttarhvammi, yfir ána og vestan Glerár upp með brún gilsins að Sellæk. Þaðan liggja mörkin austan við fyrirhugaða lögn og lón vatnsaflsvirkjunar sem gert er ráð fyrir á Glerárdal. Sunnan lónsins liggja mörkin upp Heimara-Ilagil og þaðan eftir mörkum fjarsvæðis vatnsverndar Glerárdalsbóls.

Mörkin afmarkast af eftirfarandi ISN-93 hnitapunktum og eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti í fylgiskjali I.

4. gr.

Umsjón með fólkvanginum

Umsjón og rekstur fólkvangsins skal vera í höndum Akureyrarbæjar og Umhverfisstofnunar samkvæmt samningi milli Akureyrarbæjar og Umhverfisstofnunar sem umhverfis- og auðlindaráðherra staðfestir. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir fólkvanginn í samráði við Akureyrarbæ, sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

5. gr.

Umferð um fólkvanginn

Almenningi er heimil för um svæðið enda sé góðrar umgengni gætt. Öll umferð ökutækja er óheimil á því svæði sem óraskað er nema á snjó og þegar snjór er svo mikill að hann ber farartækið uppi. Á þetta við um öll vélknúin farartæki, vélsleða, bifhjól, fjórhjól, bifreiðar og önnur tæki. Björgunartæki eru þó undanþegin þessu banni. Umferð hesta er heimil á stikuðum leiðum eða stígum. Heimilt er að nota hross við smölun. Óheimilt er að fara með rekstur hesta um fólkvanginn.

6. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs og jarðmyndana

Óheimilt er að spilla gróðri og valda óþarfa truflun á dýralífi í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum.

7. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi, innan fólkvangsins eru háðar leyfi bæjarstjórnar Akureyrar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlunar, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Bæjarstjórn Akureyrar, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og í samræmi við verndar- og stjórnunaráætlun, mun framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga, gerð áningarstaða og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Hófleg sauðfjárbreit er heimil innan fólkvangsins.

Losun jarðefna, sorps og úrgangs er óheimil innan fólkvangsins.

Nýjar háspennulínur eru ekki heimilar nema í jörð innan fólkvangsins.

8. gr.

Notkun skotvopna

Meðferð skotvopna er bönnuð innan fólkvangsins. Umsjónaraðili fólkvangsins getur þó veitt heimild til veiða á ref, mink og kaninum, en ætíð í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 og verndar- og stjórnunaráætlun.

9. gr.

Undanþágur

Umhverfisnefnd Akureyrarbæjar í samráði við Umhverfisstofnun geta veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í sérstökum tilfellum gangi það ekki gegn markmiðum friðlýsingarinnar.

10. gr.

Refsiákvæði

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

11. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Tekið fyrir í umhverfisnefnd Akureyrar þann 5. desember 2013.

Tekið fyrir í skipulagsnefnd Akureyrar þann 11. desember 2013.

Tekið fyrir í bæjarstjórn Akureyrar þann 17. desember 2013.